



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að brugðist verði við breyttum lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að brugðist verði við breyttum lögum frá því í sumar um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar, þar sem dregið var úr tekjutengingu sérstakrar uppbótar, með því að breyta viðmiðum sínum til þess að húsnæðisstuðningur Félagsbústaða til örorkulífeyrisþega lækki ekki eins og nú hefur verið gert og hefur leitt til þess að leiga fjölmargra öryrkja hefur hækkað umtalsvert. 65% af tekjum örorkuþega hafa nú áhrif á útreikning sérstakrar uppbótar í stað 100 prósent. Breytingar gilda frá áramótum en voru lögfestar á miðju ári og því fengu öryrkjar leiðréttinguna greidda afturvirk 1. ágúst síðastliðinn. Þær auknu tekjur sem frumvarpið skilar örorkulífeyrisþegum hafa þurrkast út í mörgum tilfellum vegna þess að Félagsbústaðir skerða húsnæðisstuðning til leigjenda vegna aukinna tekna. Við þessu hefur borgarmeirihlutinn og velferðarráð ekki brugðist. Það hefur því gerst að Félagsbústaðir hafa lækkað sérstakan húsnæðisstuðning hjá öryrkjum sem fengu þessa leiðréttingu bóta og er því fólk að borga mun hærri leigu.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar og borgarritara, dags. 8. nóvember 2019.

Umsögn:

Árið 2019 var gerð breyting á lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, og lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar. Bætur bótaþega Tryggingastofnunar voru endurreiknaðar með þeim hætti að 65% af tekjum bótaþega hafa áhrif á útreikning sérstakrar uppbótar í stað 100% tekna í lögum um félagslega aðstoð. Lagabreytingin leiðir til þess að tekjur eru áætlaðar lægri við útreikning sérstakra uppbóta og hækkar því rétt lífeyrisþega á greiðslum. Breyting laga almannatrygginga var sú að Tryggingastofnun ríkisins skal við endurreikning bótafjárhæða, gera samanburð á útreikningi heildargreiðslna hvers mánaðar, annars vegar miðað við 1/12 af

atvinnutekjum ársins og hins vegar miðað við atvinnutekjur í þeim mánuðum sem þeirra er aflað. Beita skal þeirri reglu sem leiðir til hærri greiðslna.

Fyrirnefnd breyting á lögum um félagslega aðstoð varð til þess að tekjur bótaþega urðu tímabundið hærri en ella þegar Tryggingastofnun leiðrétti bótagreiðslur sínar aftur í tímann og leiddi það til skerðingar á húsnæðisbótum í þeim mánuðum sem tekjurnar hækkuðu. Greiðslum Tryggingastofnunar var dreift á þrjá mánuði og leiddi tekjuaukningin því til skerðingar húsnæðisstuðnings í þessa þrjá mánuði. Síðarnefnd breyting laga um almannatryggingar á við útreikninga sem Tryggingastofnun ríkisins framkvæmir og hefur ekki áhrif á útreikninga á bótum á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða Reykjavíkurborgar.


Útreikningur sérstaks húsnæðisstuðnings er útfærður á grunni húsnæðisbóta og fylgir regluverki sem útfært er í leiðbeiningum félags- og vinnumarkaðsráðherra. Greiðslur húsnæðisbóta taka mið af áætluðum árstekjum og er þeim jafnað yfir hvern ársfjórðung líkt og sýnt er á Töflu 1. Frávik eru lagfærð þegar skattframtöl liggja fyrir. Það kerfi sem nýtt er til útreikninga sérstaks húsnæðisstuðnings er ekki hannað með þeim hætti að það sé hægt að mæta tekjusveiflum bótaþega í sérhverjum mánuði. Til þess að koma til móts við slíkar hækkanir þyrftu uppbótargreiðslur að koma með öðrum hætti en að taka tillit til hans í útreikningi sérstaks húsnæðisstuðnings líkt og gert var með breytingum á lögum 9. desember árið 2020 með eingreiðslu að fjárhæð 50.000 kr.

Tafla 1. Aðferðarfræði Húsnæðis- og mannvirkjunarstofnunar

Fyrsti ársfjórðungur:	Í upphafi árs er notast við 1/12 af tekjum skv. staðgreiðsluskrá ársins á undan og svo viðbætt álag ef framundan eru hækkanir á t.d. almannatryggingum eða kjarasamningum.
Annar ársfjórðungur:	Í apríl er notast við 1/3 af tekjum skv. staðgreiðsluskrá jan. - mars 2020
Þriðji ársfjórðungur:	Í júlí er notast við 1/3 af tekjum skv. staðgreiðsluskrá apríl - júní 2020
Fjórdi ársfjórðungur:	Í október er notast við 1/3 af tekjum skv. staðgreiðsluskrá júlí - sept. 2020

Útreikningur húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings er þó eins og segir hér að ofan leiðréttur þegar skattframtal liggur fyrir. Í 20. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er fjallað um grundvöll fyrir útreikningi húsnæðisbóta en þar segir að framkvæmdaaðili skuli leggja 1/12 af áætluðum tekjum til útreiknings. Rauntekjur liggja svo ekki fyrir fyrr en við álagningu í maí/júní og þá er framkvæmdur árlegur endurreikningur (lokauppgjör). Þegar til lokauppgjörs kemur er tekið mið af öllum mögulegum tekjum einstaklinga, þ.m.t. einstaka hærri tekjum yfir árið og er stuðningnum dreift jafnt yfir árið. Það er að segja réttur einstaklinga tekur að lokum mið af árstekjum umsækjenda samkvæmt skattframtali og deilt með 12 mánuðum ársins. Sé sú bótafjárhæð sem greidd var að taka mið af hærri tekjum í einhverjum mánuðum þá dreifast tekjurnar í lokauppgjörinu jafnt yfir mánuðina og eru fjárhæðir húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings leiðréttar miðað við raunverulegar árstekjur. Sveiflukenndar tekjur yfir árið gætu því leitt til viðbótar réttar eða skerðingar við lokauppgjör.

Þegar horft er til fjölda þeirra notenda sem fengu greiðslu á sérstökum húsnæðisstuðningi á árunum 2019- 2021 má sjá að hlutfall þeirra sem voru skertir vegna tekna lækkaði úr 52% í 25% á milli árunna eins og sjá má á Mynd 1.



Mynd 1. Tekjuskærðingar sem hlutfall af heildarfjölda umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning

Þetta má rekja til þess að borgarráð hækkaði tekjumörk um 8% umfram tekjumörk í leiðbeiningum til sveitarfélaga vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til jafns við hækkun ríkisins á frítekjumarki vegna almennra húsnæðisbóta til að ekki kæmi til skærðinga hjá þeim sem jafnframt áttu rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi. Heildarhækkun tekjumarka var 11,9% eftir breytingu og gildi frá 1. janúar 2021.